

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2011


Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 190, um Landlækni og Lýðheilsustöð.

Bandalag háskólamanna gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu að sameining þessara stofnana geti eflt þær faglega.

En með því að fella aðra stofnunina niður og færa verkefni hennar til annarrar er ekki lengur um sameiningu að ræða. BHM gerir athugasemd við að forstöðumaður nýrrar stofnunar skuli vera lækni-embættismaður. Ljóst er að einstaklingar innan margrar annarra starfsstétta hafa aflað sér menntunar og reynslu sem gætu betur nýst forsvarsmanni nýrrar stofnunar heldur en lækni-embættismaður. Benda má á að landlækni-embætti er nú aðeins til í Grænlandi og Færeyjum ef litið er til nálægra landa.

Fjárhagsleg staða sameinaðar stofnunar vekur líka áhyggjur. Starfsmenn Landlækni-embættisins hafa fyrir nokkru verið þvingaðir í 90% starf vegna takmarkaðra fjárveitinga og störfum hefur fækkað hjá Lýðheilsustofnun. Færa á dánarmeinasrá frá Hagstofu til embættis landlækni og lýðheilsu án þess að fullnægjandi fjárveitingar fylgi. Undarleg áhersla er einnig á að komast í dýrt húsnæði, sbr. umsögn fjármálaráðuneytisins. Hætt er því við að fjármunir sem eiga að renna til forvarna m.a. hjá börnum og unglingum renni til reksturs stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Bandalags háskólamanna



Stefán Aðalsteinsson.